

Nd.

113. Breytingartillögur

við frv. til fátækralaga.

Flutningsm.: Halldór Stefánsson.

1. Við 20. gr.
Fyrir »og heldur þá . . . sveitarfelagi hans« komi: og fylgir þá framfærsluskyldan þeirri sveit, er maður verður í við skiftinguna.
2. Við 21. gr. Greinin orðist svo:
Eftir 16 ára aldur á hver sá, sem hefir íslenskan ríkisborgararjett, framfærslurjett í þeirri sveit, þar sem hann á lögheimili, eða sannanlega átti síðast lögheimili.
3. Við 22. gr. Greinin orðist svo:
Þeirri sveitfesti, er þurfamenn eiga, þá er lög þessi ganga í giidi, halda þeir á meðan þeir standa í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk. Að öðru leyti fer um sveitfesti manna, er þeir eiga nú, svo sem segir í 21. gr.
Þeirri framfærslusveit, er maður á, sem orðinn er 60 ára gamall, heldur hann síðan.
4. Við 23. gr. Greinin orðist svo:
Rjettur til framfærslu telst frá þeim degi, að honum meðtöldum, er innflytjandi eignaðist lögheimili í sveitinni, til þess dags, er hann fær lögheimili í annari sveit.
5. Við 24. gr. Greinin orðist svo:
Eigi ávinnur maður framfærslurjett með dvöl í skóla, sjúkrahúsi, heilsuhæli eða þesskonar stofnun, eða fangahúsi. Slík dvöl slítur eigi sveitfesti í þeirri sveit, er maður átti lögheimili áðnr.
6. Við 25. gr. Burt falli niðurlag annarar málsgreinar: »er þeir ... annarsstaðar«.
7. Við 26. gr. Greinin orðist svo:
Kona gift á framfærslurjett þar, sem maðnr hennar á sveit, og heldnr ekkja sveitfesti þeirri, er maður hennar átti á deyjanda degi, þangað til hún öðlast framfærslurjett í annari sveit. Svo heldur 'og kona, er skilin er að lögum við mann sinn, þeirri sveit, er hann átti, er þan skildu, þangað til hún fær framfærslurjett í annari sveit.
8. Við 29. gr.
Fyrir »vinnur sjer sveit« komi: öðlast framfærslurjett í annari sveit.
9. Við 31. gr.
Fyrir »vinnur sjer sveit« komi: öðlast framfærslurjett.